

Hverfisráð Hríseyjar

110. fundur

Miðvikudaginn 14. júní 2017 kl 10:00 var haldinn 110. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Kosning formanns. Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður: Þorgeir Jónsson
Meðstjórnandi: Kristinn Frímann Árnason
Ritari: Claudia Werdecker
1. varaformaður: Pétur Ásgeir Steinþórsson

2. Götur í Hrísey

Að mati hverfisráðs er forgangsröðin hvað varðar götur á Akureyri ekki rétt. Margoft er búið að benda á að það þurfi að laga Austurvegin í Hrísey og það vantar vegrið við Hjallaveg. Það vantar efni í holafyllingu og það þarf að hefla malargötunar, helst alla leið í vita.

3. Önnur mál

Að mati hverfisráðs er samskiptum við brothættar byggðir ábótavant. Verkefnisstjóri brothættra byggða sér núna t.d. um vegriðið við Hjallaveg, en teljum við að þetta sé eitthvað sem ætti frekar að vera í okkar höndum. Við hvetjum verkefnisstjóra brothættra byggða til að vísa slíkum erindum á hverfisráðið, svo slík verkefni trufla verkefnisstjóra ekki í vinnu.

Kristinn Frímann Árnason ætlar að skoða bæði vinnuferlið varðandi byggðakvótann og einnig útboðsgögnin fyrir Hríseyjarferjuna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:50.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker